

**Fundargerð 100. fundar félagstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn fimmtudaginn 20. febrúar 2020, kl. 10.00 í félagsaðstöðu
sjúkraliða, við Grensásveg 16, Reykjavík.**

Mættir til fundar:

Sandra B. Franks, formaður SLFÍ
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari, Reykjavíkurseild
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjaseild
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri
Helga Sveinsdóttir, Austfjarðaseild
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild
Inga Lilja Sigmarsdóttir, Vesturlandsdeild
Jóhanna G. Þórðardóttir, Vestfjarðaseild
Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir, Suðurnesjaseild, varmaður
Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn
Jakobína Rut Daniélsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn
Þórhildur Una Stefánsdóttir formaður Reykjavíkurseildar

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ og
Jóhanna Traustadóttir ritari SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Staðan í kjaraviðræðum

Matarhlé – eitthvað létt ☺

4. Ársskýrslur deilda
5. Fjárhagsáætlun deilda
6. Tillaga að breytingum á lögum Sjúkraliðafélagsins
Breytingar á reglum sjóða í samræmi við breytingar á lögum félagsins.
 - Félagssjóður
 - Orlofssjóður
 - Vinnudeilu og verkfallssjóður
 - Minningar og styrktarsjóðurStarfsreglur Starfsmenntasjóðs
 - Uppfærðar úthlutunarreglurStarfsreglur Starfsþróunarsjóðs
 - Nýjar úthlutunarreglur

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands bauð fundarmenn velkomna á fundinn og sagði frá því að Viktoría Magnúsdóttir formaður Suðurnesjadeildar væri forfölluð, en í hennar stað væri Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir. Þá var á fundinum nýr stjórnarmaður Þórhildur Una Stefánsdóttir, nýkjörin deildarformaður Reykjavíkurdeildar. Var hún sérstaklega boðin velkominn í stjórnina. Farið var yfir skipulagið á fundinum.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Staðan í kjaramálum

- SBF fór yfir að kosning um verkföll væri lokið og mjög góð þátttaka hafi verið og um 90% þeirra sem þátt tóku eru tilbúnir til að fara í verkfall ef þörf verður á Farið var yfir skipulagi verkfallanna og fram kom að sérstaklega væru verkföllin á HSN – LSH og Akureyrarbæ og væru mismunandi skýringar á því. Síðan þann 15. apríl hefst allsherjarverkfall á öllum stofnunum ríkisins og á öllu vöktum hjá Akureyrarbæ.
- GÖG fór yfir að niðurstaða þessara kosninga væri góður stuðningur við kjaramálanefnd og ekki síður formanninn í komandi samningum/átökum.
- Fram kom að SBF og GÖG fóru til Akureyrar á fund með sjúkraliðum mánudaginn 17. febrúar til að fara yfir komandi verkfallsátök og skýra hvers vegna HSN og Akureyrarbær væru sértækt með í komandi átökum. Mjög góð mæting var á fundinn og upplýsandi umræður.
- Fundur var í Samningseiningum BSRB þann 18. febrúar þ.s. farið var yfir stöðuna varðandi styttingu vinnuviku vaktavinnufólks. Miklar umræður voru á fundinum og ákveðnum/alvarlegum áhyggjum lýst með lökkun yfirvinnuprósentu og viðmiðun dagvinnu. Fulltrúar BSRB tóku þessar umræður/mótmæli með sér á fund með samningsaðilum.
- SBF fór yfir það helsta sem kjaramálanefnd SLFÍ mun leggja áherslu á í komandi samningum.
- SBF sagði frá því að búið væri að boða fulltrúa félagsins á fund með SNR og samninganefnd sveitarfélaga.

4. Ársskýrslur deilda

- Farið var skýrslur deilda og hafði SBF orð á því að hún væri búin að fara á nokkra aðalfundi félagsdeilda og allir hafi verið áhugaverðir og nefndi það sérstaklega að aðalfundur Suðurlandseildar hafi verið einstaklega vel uppsettur og hrósaði þeim fyrir handrit sem þær væru búnar að hanna varðandi fundarstjórn.
- Helga Sveinsdóttir formaður Austurlandsdeildar sagði frá erfiðu máli sem kom uppá hennar stofnun síðastliðið sumar og hafði mikil áhrif á alla starfsmenn. Í dag eru málin í góðum farvegi og verið að vinna að niðurstöðu sem nýtist þeim sem hlut áttu að máli.

5. Fjárhagsáætlun Svæðisdeilda

- Jóna J. Sveinsdóttir fór yfir fjárhagsáætlanir frá deildum
 - Vesturlandsdeild fór fram á 331,000 sem er hækkun um rúm 200.000
JJS leggur til 150.000.- vegna inneignar á bók hjá deildinni.
Samþykkt 150,000.-
 - Suðurlandsdeild fór fram á 400,000.- sem er helmingshækkun frá síðasta ári. JJS leggur til að þetta verði samþykkt og var formaður deildarinnar búin að rökstyðja þessa hækkun.
Samþykkt 400,000.-
 - Norðurlandsdeild Eystri fór fram á 465,000.- óbreytt frá síðasta ári
JJS leggur til að þetta verði samþykkt
Samþykkt 465,000.
 - Norðurlandsdeild Vestri fór fram á 187,000.-
JJS leggur til að þetta verði samþykkt
Samþykkt 187,000.-
 - Reykjavíkudeildin fór fram á 450,000.- sem hækkun um 350,00
JJS leggur til að þetta verði samþykkt á forsendum hve deildin er fjölmenn og nýrrar stjórnar.
Samþykkt 450,000.-
 - Vestmannaeyjadeildin fór fram á 160.000.- sem er lækkun frá fyrra ári um 40,000.-
JJS leggur til að þetta verði samþykkt
Samþykkt 160.000.-
 - Austurlandsdeildinni fór fram á 465,000.- sem er hækkun 265.000.- frá fyrra ári
JJS leggur til 400,000.- á þeim forsendum að deildin á fjármuni á bankabók
Samþykkt 400,000.-
 - Vestfjarðadeildin fór fram á 351,000.- sem er sama og á síðasta ári
JJS leggur til að þetta verði samþykkt
Samþykkt 351,000.-
 - Suðurnesjadeildin fór fram á 392,000.-
JJS leggur til að afgangur á þessari fjárhagsáætlun verði frestað vegna þess að uppsetningin er ekki samkvæmt formatinu sem allir fara eftir.
Samþykkt að veita framkvæmdastjórn heimild til að ganga frá þessu máli.
vinna að góðum niðurstöðum hjá öllum sem áttu að máli.

6. Tillaga að breytingu á lögum SLFÍ

Kristín Ólafsdóttir fór yfir tillögur framkvæmdastjórnar á breytingum á lögum félagsins. Fram kom að framkvæmdastjórn ásamt formanni og framkvæmdastjóra

SLFÍ hefðu farið ýtarlega yfir lögina og þessar tillögur væru afrakstur þeirrar vinnu. Stjórnarmenn voru nokkuð sáttir við tillögurnar sem flestar eru til einföldunar og aðlögunar að raunveruleikanum. Nokkrar athugasemdir voru gerðar sem framkvæmdastjórn mun klára og áður en loka útgáfa verður lögð fram á næsta fulltrúafingi.

SBF lagði til að yfirferð yfir fjóra sjóði félagsins yrði síðar. Tillögur að lagabreytingunum væru umfangsmiklar og væru því nægilegar að sinni. Allir sammála því.

Starfsreglur Starfsmenntasjóðs

Nokkur umræða var um orðalag á reglum og úthlutunarreglum Starfsmenntasjóðs og var formanni falið að ljúka tillögum um þær breytingar. Einnig var umræða um að uppfæra þyrfti eyðublað á mínar síður. Það mál er í ferli.

Helga S. Sveins formaður Suðurlandsdeildar óskaði eftir að fært væri í orð hvernig tveggja ára reglan virkaði og hvenær og hvernig rétturinn kemur inn aftur.

Starfsreglur Starfsþróunarsjóður

Sandra fór yfir og kynnti fyrir félagsstjórn nýjar reglur Starfsþróunarsjóðsins en þær eru komnar á heimasíðu SLFÍ.

Rætt var um hvernig réttindi í sjóðunum spiluðu saman. Fram kom að það ætti að koma fram í reglum og skýringum með sjóðunum.

Kristín Ólafs benti á að fólk fær fullan styrk ef greiðslan af þeim frá vinnuveitanda hefur náð 23.000 krónum. Sandra bendir á að reglur sem búið er að útbúa, en eftir er að búa til reglur og eyðublað sem stofnanir geta fyllt út, til að óska eftir styrkjum úr Starfsþróunarsjóði og Fræðslusjóði.

Fram kom að stjórnarmenn eru mjög sáttir með þetta nýja fyrirkomulag og þær hækkanir á styrkjunum sem sjóðirnir veita.

Önnur mál

- GÖG sagði frá því að SLFÍ hefði sent frá sér staðfestingu til þeirra sem málið varðar um niðurstöður í atkvæðagreiðslu um verkfall. Einnig að bréfaþóstur hafi verið sendur til að tryggja formlegt verklag við miðlun upplýsinga um atkvæðagreiðsluna.
- GÖG sagði frá því að SBF og Birna Ólafsdóttir skrifstofustjóri SLFÍ hefðu fundað með menntamálaráðherra í júní 2019 varðandi fagháskólanám fyrir sjúkraliða. Félagið hefði lagt mikla vinnu við að hnika málum til innan ráðuneytisins. Engin viðbrögð frá ráðuneytinu væru sýnileg. Rætt var um framvindu kjaraviðræna og hvort gera ætti það að skilyrði fyrir undirritun kjarasamnings að hrinda í framkvæmd fagháskólanámi.
- SBF benti á að nýlega hefði verið fundað með tveimur þingmönnum um fagháskólanámið og mikilvægi þess að hrinda því í framkvæmd. Erindinu var vel tekið og ætluðu þeir að fylgja málinu eftir.
- Hafdís formaður Norðurlandsdeildar eystri spurði út í greiðslur til fulltrúa kjörstjórnar varðandi kjör nýrra trúnaðarmanna í deildum. Greidd hafi verið ákveðin upphæð fyrir kjörstjórnarmenn að mæta á staði þegar nýr trúnaðarmaður

væri kosinn. Fram kom að ekki hefur verið greitt hjá öðrum deildum, en hjá nokkrum hefur verið greitt kílómetragjald til þeirra sem hafa verið í þessu hlutverki. Allir voru sammála því að greiða kílómetragjald til þeirra sem sinna þessum erindum.

Fundi slitið kl. 16:00